

Hvalfjarðarsveit  
Bogi Kristinsson Magnusen  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík 17. desember 2020  
UST202011-070/A.B.  
10.04.03

**Efni: Breyting - Deiliskipulag athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði - Hvalfjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að útvíkka á losunarsvæði núverandi flæðigryfju með því að taka í notkun flæðigryfju við hlið þeirrar gryfju sem nú er notuð. Austan við flæðigryfjuna sem er í notkun núna er 7.200 m<sup>2</sup> svæði í landfyllingunni sem einnig getur nýst sem flæðigryfja. Þetta svæði rúmar á bilinu 30.000 til 40.000 m<sup>3</sup>.

Aðrar smávægilegar breytingar á uppdrætti eru leiðréttingar á lóðarstærðum og uppskiptingu lóða.

Í greinargerð kemur fram að í niðurstöðum vöktunar hefur losun í núverandi flæðigryfjur ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á dýralíf og ekki er talin ástæða til að ætla að það breytist með nýrri flæðigryfju.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingartillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur